

Alþingi
Erindi nr. P 138/2707
komudagur 4.6.2010

Endurskoðendaráð

Alþingi
Viðskiptanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2010

Efni: Umsögn Endurskoðendaráðs um breytingatillögu viðskiptanefndar við frumvarp til laga um fjármálastarfssemi - Þskj. 1096 — 343. mál.

Með bréfi dags. 21. janúar 2010 kom endurskoðendaráð á framfæri við nefndina athugasemdum sínum vegna ákvæða um tímalengd starfstíma endurskoðenda hjá „*einingum tengdum almannahagsmunum*“ vegna frumvarps til laga um váttryggingastarfssemi og frumvarps til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. Nú hefur endurskoðendaráð veitt því athygli að viðskiptanefnd hefur í meðförum sínum á ofangreindum frumvörpum samþykkt tillögur að frekari breytingum á þeim ákvæðum er hér um ræðir sem m.a. lúta að takmörkunum á störfum endurskoðenda og verkefnum endurskoðendaráðs. Eru umræddar breytingar þegar orðnar að lögum að því er varðar váttryggingastarfssemi en eru enn í meðförum þingsins hvað varðar lög um fjármálafyrirtæki. Endurskoðendaráð óskar hér með eftir að koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki:

Viðskiptanefnd hefur lagt til eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki (breytingar feitletraðar):

Við 43. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. *Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.*

b. *Við 2. mgr. bætast þrjár nýir málslíðir, svohljóðandi: Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrir en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur*

endurskodendarad@evr.is
Túngötu 6
101 Reykjavík

fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitni endurskoðendaráðs.

Verulegar takmarkanir á atvinnufrelsi felast í þessum tillögum um að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki megi ekki gegna öðrum störfum fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki. Af þessu tilefni bendir endurskoðendaráð á að sérstök ákvæði um óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækja er að finna í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og siðareglum endurskoðanda en þær bíða staðfestingar efnahags – og viðskiptaráðherra. Er í þeim ákvæðum get ráð fyrir því að óhæði endurskoðanda verði metið í hverju tilviki fyrir sig. Algert bann girðir fyrir slíkt mat og af þeim sökum getur skerðing á atvinnuréttindum orðið meiri en þörf er á í einstökum tilvikum. Leiða má líkum að því að slíkt standist ekki reglur um meðalhóf. Þá bendir endurskoðendaráð ennfremur á ákvæði IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006 eins og þeim var breytt með lögum nr. 80/2008 er tóku gildi 1. janúar 2009 en þar kemur fram að við einingu tengda almannahagsmunum, s.s. hjá fjármálafyrirtæki, skuli starfa endurskoðunarnefndir er m.a. meti óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafi eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. Samkvæmt 108. gr. d. skal endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki gera endurskoðunarnefndinni árlega grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Samkvæmt lögum um endurskoðendur er viðhaft gæðaeftirlit með störfum endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækja. Beinist efirlitið m.a. að því að fylgjast með því að endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið hafi staðfest óhæði sitt gagnvart endurskoðunarnefndinni skv. framansögðu.

Hvað varðar aðkomu endurskoðendaráðs að brottvikningu endurskoðanda vill endurskoðendaráð benda á að hlutverk ráðins í þessu tilviki sem umsagnaraðila við brottvikningu endurskoðanda hjá einkaaðila virðist samrýmast illa því opinbera eftirlitshlutverki sem ráðinu er falið með lögum um endurskoðendur en með ákvæðum laganna er komið til framkvæmda svonefndri 8. félagatilskipun EB (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE). Einkum gæti slík aðkoma ráðsins á fyrri stigum máls verið til þess fallin að hafa áhrif á aðkomu þess á síðari stigum málsins, sbr. 20. gr. laga um endurskoðendur.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur er m.a. gert ráð fyrir að endurskoðendaráð geti við rannsókn á meintum brotum endurskoðanda veitt honum áminningu eða lagt til við ráðherra að réttindi viðkomandi verði felld niður, sbr. 17. gr. laganna. Við meðferð slíkra mála sem vísað er til ráðsins ber ráðinu sem opinberri stjórnarsýslunefnd að gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. varðandi andmælarétt. Þá getur ráðið einnig vísað máli til opinberrar rannsóknar. Hvað varðar brottvikningu endurskoðanda sérstaklega þá er gert ráð fyrir því í 20. gr. laganna að endurskoðandinn sjálfur eða eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á tilkynni starfslok

endurskoðandans til endurskoðendaráðs og ástæður starfslokanna. Bent er á að þetta hlutverk er í samræmi við 2. mgr. 38. gr. 8. félagatilskipunarinnar er þar segir:

Aðildarríkin skulu tryggja að aðilinn, sem er endurskoðaður, og endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið, tilkynni yfirvaldi eða yfirvöldum, sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti, um uppsögn eða afsögn endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis á tilnefningartímabilinu og gefa fullnægjandi skýringar á ástæðum þessa.

Með vísan til þess opinbera eftirlitshlutverks sem endurskoðendaráði er ætlað í lögum um endurskoðendur má gera ráð fyrir því að endurskoðendaráð geti er það fær slíka tilkynningu um brottvikningu eftir atvikum hafið rannsókn á meintum brotum endurskoðanda sem urðu tilefni til brottvikningar. Endurskoðendaráð telur að aðkoma þess að undirbúningi brottvikningar í formi umsagnar sem gert er ráð fyrir í umræddri breytingartillögu viðskiptanefndar samrýmist trauðla því eftirlitshlutverki ráðsins sem lýst er hér að framan. Að sjálfsögðu getur ráðið þó að beiðni viðkomandi aðila sem er endurskoðaður hafið rannsókn á máli umrædds endurskoðanda áður en til þess kemur að honum er vikið úr starfi en slík aðkoma ráðisins yrði eins og áður greinir að vera í samræmi við ákvæði stjórnáskilgáttar og laga um endurskoðendur og kæmi þá til álita eftir atvikum að ljúka þeirri málsmeðferð á þann hátt sem vísað er til hér að framan, þ.e. með áminningu, brottvikningu eða opinberri rannsókn.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðendaráðs



Bjarnveig Eiríksdóttir

formaður